

# Stjórnarfundur Bergrisans 22. október 2019

Fundur hófst klukkan 13:00 í ráðhúsi Árborgar.

**Mætt:** Gísli H. Halldórsson formaður og Aldís Hafsteinsdóttir. Einnig eru mættir starfsmennirnir Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir og Ragnheiður Hergeirsdóttir ásamt Ingibjörgu Garðarsdóttur fjármálastjóra Árborgar. Sandra Brá Jóhannsdóttir er á fjarfundi og ritar jafnframt fundargerð.

## Dagskrá

### Ársreikningur Bergrisans bs. 2018

Stjórn Bergrisans samþykkir ársreikninginn og staðfestir hann með undirritun sinni.

### Ráðning verkefnisstjóra til Bergrisans

Stjórn Bergrisans leggur til að ráðinn verður verkefnisstjóri til eins árs hjá Bergrisanum bs. Verkefnisstjóri verður með starfsaðstöðu í ráðhúsi Árborgar. Gera má ráð fyrir launakostnaði sem svarar um 12 millj. kr. með launatengdum gjöldum vegna verkefnisstjóra. Á móti kemur að kostnaður af þjónustusamningur Bergrisans við Árborg lækkar í 3 millj. kr. Er þá tekið tillit til skrifstofukostnaðar kostnaðar Árborgar vegna starfsmanns.

### Þjónustukjarni á Selfossi

Stjórn Bergrisans leggur til að stjórn í samráði við starfshópur/bygginganefnd fái heimild til að meta hvort ráðist skuli í byggingu 5 eða 6 íbúa þjónustukjarna á Selfossi í stað 7 íbúa sem áður hafði verið samþykkt. Endurnýjuð verður umsókn um stofnframlög í samræmi við niðurstöðu stjórnar. Áætlaður kostnaður er 400 millj.kr. Vilyrði um stofnframlög eru komin frá Þroskahjálp og Íbúðalánasjóði. Einnig verður sótt um greiðslur úr fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs.

### Fjárhagsáætlun Bergrisans bs. 2020

Formaður þjónusturáðs kynnir tillögu þjónusturáðs inní fjárhagsáætlun Bergrisans. Fjármálastjóri Árborgar kynnir drög að fjárhagsáætlun Bergrisans 2020. Stjórn samþykkir fjárhagsáætlunina fyrir sitt leyti og verður hún lögð fram á aðalfundi byggðasamlagsins.

Aðalfundur verður haldinn 23. október nk. í ráðhúsi Árborgar

Fundið slitið kl. 15:00